



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/901
komudagur 31.1.2003

Reykjavík ~~6. febrúar~~ 2003
Tilvísun: 2002120001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almannavarnir og fl., 464. mál

Í þessari umsögn eru eingöngu fjallað um lið c í 2. gr. frumvarpsins. Þar segir að meðal verkefna ríkislögreglustjóra vegna almannavarna séu:

c. Vöktun á geislavirkni í samvinnu við Geislavarnir ríkisins

Orðalag í lið c í 2. gr. getur valdið misskilningi og má jafnvel skilja það svo að það sé ríkislögreglustjóra að skipuleggja og annast (reglubundna?) vöktun á geislavirkum efnum í íslensku umhverfi (vegna almannavarna) og að það skuli gert í samvinnu við Geislavarnir ríkisins. Orðalagið í þessum lið endurspeglar svipað orðalag í eldri lögum, en þá var geislunarviðbúnaður oft miðaður við það mikla geislun að grípa þyrfti til sérstakra aðgerða til varnar lífi og heilsu fólks. Viðmið í geislunarviðbúnaði hafa hins vegar breyst mikið á undanförunum árum, sérstaklega í kjölfar slyssins í Tjernobyl. Reynsla síðari ára hefur sýnt að jafnvel grunur um smávægilega aukningu geislunar getur haft veruleg efnahagsleg og félagsleg áhrif. Flest lönd miða geislunarviðbúnað sínar nú við að geta greint og brugðist við minnstu breytingu frá venjulegu ástandi og sama gildir um Geislavarnir ríkisins. Vöktun stofnunarinnar felur í sér rannsóknir á núverandi ástandi og uppbyggingu sjálfvirkra geisla- og kjarnorkuverka. Í lögum um geislavarnir, nr. 44/2002, er þess sérstaklega getið í 9. lið 5. greinar að Geislavarnir ríkisins skuli annast geislunarlegan þátt viðbúnaðar, en þessi liður tók gildi um síðustu áramót.

Viðbúnaður við geislavá getur spannað mjög vítt svið, allt frá smávægilegum frávikum á venjulegu ástandi til ástands þar sem líf og heilsa fólks getur verið í hættu. Tilvik geta komið þar sem ógnin er lítt þekkt og það er því mikilvægt að skipulag viðbúnaðar sé það sveigjanlegt að það geti innan ramma sama skipulags tekið á smávægilegum frávikum jafnt sem alvarlegum slysum og atvikum. Frumvarpið þar að gerar mögulegt að koma slíku skipulagi á með samvinnu Geislavarna ríkisins og embættis ríkislögreglustjóra.

Tillaga um breytingu á 2. grein frumvarps

Lagt er til að lið c) í 2. grein frumvarps verði breytt þannig að í stað „Vöktun á geislavirkni í samvinnu við Geislavarnir ríkisins“ komi

„Viðbúnaður vegna geisla- og kjarnorkuvár í samvinnu við Geislavarnir ríkisins (sem annast geislunarlegan þátt viðbúnaðarins?)“.

Þessi breyting myndi veita ríkislögreglustjóra skýra lagaheimild til viðtækari samvinnu við Geislavarnir ríkisins um vöbúnað vegna geisla - og kjarnorkuvár, með svipuðum hætti og tíðkast í grannlöndum okkar. Þessi samvinna getur falið í sér skipulagningu viðbragða vegna slysa þar sem geislavirk efni koma við sögu, viðbrögð við alvarlegum geislunaratvikum og þátttöku í alþjóðlegum boðunarkerfum um geislunarvá, t.d. á vegum Alþjóðakjarnorkumála stofnunarinnar, IAEA.

Virðingarfyllt
f.h. Geislavarna ríkisins


Sigurður M. Magnússon